

VIÐBÆTIR

Yfirlit

um

alþingiskostnað

frá 1. jan. til 31. des. 1919.

(Með fylgiskjölum I—XIX).

I. Þingfararkaup alþingismanna (<i>fylgiskj. I.</i>):		
A. Dagpeningar	kr. 36118 00	
B. Dýrtiðaruppbót	— 31783 84	
C. Ferðakostnaður	— 5979 75	
		kr. 73881 59
II. Goldið starfsmönnum:		
A. Föstum starfsmönnum	kr. 5100 00	
B. Lausum starfsmönnum	— 29074 00	
		— 34174 00
III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og Landsreikninga og önnur prentun:		
1. Útg.kostn. Alþt. og önnur prentun (<i>fylgiskj. II.—XVIII.</i>):		
A. Eftirstöðvar af umræðum frá þingunum 1818	kr. 18023 52	
B. Öll önnur prentun, pappír og hefting í þarfir þingsins	— 67041 40	
C. Prentun stjórnarfrumvarpa, pappír og hefting	— 6768 85	
D. Burðargjald og umbúðir	— 1205 25	
		kr. 93039 02
Flyt	kr. 93039 02	kr. 108055 59

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

	Fluttar	kr.	93039 02	kr.	108055 59
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga:					
A. Til yfirskoðunarmanna					
LR. 1917	kr.	3000 00			
B. Prentun, pappír og hefting					
	—	1871 68	—	4871 68	— 97910 70
IV. Bókband, bækur, ritföng:					
1. Bókband:					
A. Bókasafnið	kr.	1869 81			
B. Skjalasafnið	—	975 28	kr.	2845 09	
2. Bækur	—			346 86	
3. Ritföng	—			544 20	— 3736 15
V. Ljós og hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:					
1. Ljós og ljósfæri:					
A. Ljós	kr.	732 38			
B. Ljósfæri	—	162 95	kr.	895 33	
2. Hiti	—			8577 00	
3. Ræsting:					
A. Ræstingarvinna	kr.	1263 45			
B. Ræstingarvörur	—	369 33	—	1632 78	
4. Viðhald á húsi	—			5293 43	
5. Viðhald á munum	—		—	744 22	— 17142 76
VI. Önnur útgjöld:					
1. Aðstoð og aukavinna	kr.	832 10			
2. Kostnaður við einstakar nefndir	—			2022 25	
3. Símagjöld Alþingis	—			209 00	
4. Símanot þingmanna (<i>sjá að nokkru leyti fylgiskjal XIX.</i>)	—			3084 00	
5. Þinghúsgarðurinn	—			345 80	
6. Opinber gjöld	—			513 59	
7. Ýms útgjöld	—			1675 12	— 8631 86
			Samtals	kr.	235527 06

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Ávísað samkvæmt ávísana- og viðskiftabókum þingsins	kr.	228477 80
Greitt af stjórnarráðinu	—	7049 26
	Kr.	235527 06

Skrifstofu Alþingis, 27. janúar 1920.

Einar Þorkelsson.

Yfirlit um alþingiskostnaðinn árið 1918 er í Alþt .9118 (30. löggjafarþing), C. bls. 159—171.

Skilagrein

um það, sem greitt hefur verið í ríkissjóð frá skrifstofu Alþingis 1919.

1. Fyrir seld Alþingistiðindi:		
a. Frá 1916—17	kr.	6 00
b. — 1917	—	226 70
c. — 1918	—	172 10
d. — 1919	—	123 00
		kr. 527 80
2. Endurgreiðsla fyrir vörur til veitinga 1917 (Sbr. LR. 1917, bls. 81, 102 og 113)	—	116 00
3. Andvirði gamals gólfduks	—	50 00
	Samtals kr.	693 80

Skrifstofu Alþingis, 4. mars 1920.

Einar Þorkelsson.

Fylgiskjal I.

Pingfarar kaup alþingismanna 1919.

Nöfn	Dagpeningar			Ferðakostnaður eftir reikningi, sbr. 2. og 5. gr. l. nr. 36, 1919.	Ping- farar kaup samtafs. kr.
	Samkv. l. nr. 10, 22. okt. 1912.	88% ^o uppbót, samkv. l. nr. 36, 28. nóv. 1919.	Alls		
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík	680 00	593 40	1278 40	1278 40
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M., í Reyðarfirði	1098 00	966 24	2064 24	200 00	2264 24
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., á Breiðabólstað	1012 00	890 56	1902 56	290 00	2192 56
Einar Arnórsson, 2. þm. Arn., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Einar Arnason, 2. þm. Eyf., á Eyrarlandi	944 00	830 72	1774 72	185 00	1959 72
Einar Jónsson, 2. þm. Rang., á Geldingalæk	960 00	844 80	1804 80	298 00	2102 80
Gíslí Sveinsson, þm. V.-Sk., í Vík	1018 00	895 84	1913 84	475 00	2388 84
Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húgv., í Ási	998 00	878 24	1876 24	264 00	2140 24
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	984 00	865 92	1849 92	140 00	1989 92
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1028 00	904 64	1932 64	144 00	2076 64
Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm., í Arnarholti	966 00	850 08	1816 08	98 75	1914 83
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56
Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., á Hvanná	1108 00	975 04	2083 04	344 00	2427 04
Jón Magnússon, 2. þm. Reykv., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	1338 56

Véitt um alþingiskostnað 1919.

Viðbætur.

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv., í Múla . . .	956 00	841 28	1797 28	210 00	2007 28
Karl Einarsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum . .	906 00	797 28	1703 28	55 00	1758 28
Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Magnús Kristjánsson, þm. Ak., í Reykjavík . . .	680 00	598 40	1278 40	. . .	1278 40
Magnús Pjetursson, þm. Stranda, í Hólmavík . . .	1038 00	913 44	1951 44	253 00	2204 44
Magnús Torfason, þm. Ísaf., á Ísafirði	1022 00	899 36	1921 36	84 00	2005 36
Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	295 00	1633 56
Ólafur Briem, 2. þm. Skagf., á Álfgæirsvöllum . .	1052 00	925 76	1977 76	300 00	2277 76
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ., á Húsavík	1046 00	920 48	1966 48	240 00	2206 48
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytra-Hólmi	910 00	800 80	1710 80	50 00	1760 80
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra., í Hjörsey	1032 00	908 16	1940 16	118 00	2058 16
Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Arn., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., í Vigur	1038 00	913 44	1951 44	132 00	2083 44
Sigurj. Friðjónsson, 1. landsk. varaðm., á Litlu-Laugum	1016 00	894 08	1910 08	240 00	2150 08
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., í Fagraskógi	1060 00	932 80	1992 80	328 00	2320 80
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	1064 00	936 32	2000 32	215 00	2215 32
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	1116 00	982 08	2098 08	352 00	2450 08
Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M., í Bakkagerði . . .	1132 00	996 16	2128 16	405 00	2533 16
Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv., á Hjaltabakka . .	998 00	878 24	1876 24	264 00	2140 24
Samtals	36118 00	31783 84	67901 84	5979 75	73881 59

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Váðættir.

1399

Fylgiskjal II.*BRJEF**forstöðumanna Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.**

Við undirritaðir prentsmiðjueigendur leyfum oss hjer með að skýra hæstvirtum forsetum Alþingis frá því, að vegna mikillar kauphækkunarkröfu prentarastjettarinnar frá nýári má búast við, að kaup prentara verði að hækka nokkuð.

Væntum við þess, að hinir hæstvirtu forsetar líti svo á það mál, að þeir ekki hefji andmæli gegn því, að sú hækkun komi einnig tiltölulega niður á þeim hluta Alþingistíðindanna, sem ólokið verður um nýár — og bendum á, að oss virðist sanngirni mæla með því, ekki síst sökum þess, að handritið kom í vorar hendur seinna miklu en við mátti búast, hefði verið lokið fyrir nýár, ef á venjulegum tíma hefði komið.**

Virðingarfylst.

Reykjavík, 14. des. 1918.

Ísafold.
Ólafur Björnsson.

Fjelagsprentsmiðjan.
St. Gunnarsson.

Fylgiskjal III.*EFTIRRIT**af brjefi forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.*

ALÞINGI.

Reykjavík, 23. des. 1918.

Í brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, háttvirtu prentsmiðjueigendur, farið fram á, að hækkuð verði borgun sú fyrir prentun Alþingistíðinda, sem áskilin er í samningi milli yðar og forseta Alþingis, dags. 12. júlí þ. á., vegna þess, að búast megi við, að kaup prentara hækki frá nýári næstkomandi, enda hafi handritin borist yður síðar en venja hafi verið.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, að vjer, forsetar Alþingis, getum eigi sam-

* Samningar forseta Alþingis og forstöðumanna þessara prentsmiðja, um prentun umræðna Alþingis 1918, eru prentaðir í Alþt. 1918 (30. löggjafarþing) C. bls. 166–168.

** Fjelagsprentsmiðjunnar var skilað frá skrifstofu þingsins öllu handriti fullbánu 4. nóv. 1918 og Ísafoldarprentsmiðju slikt hið sama 12. s. m.

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

þykt neina hækkun á prentkostnaðinum, og það því síður, sem gjaldið fyrir pappírinn í Alþingistíðindin hefir hækkað allverulega, og það virðist á misskilningi byggt, að handritið hafi verið afhent síðar en t. d. síðastliðið ár.

Jóh. Jóhannesson. G. Björnson. M. Guðmundsson.

Til

eigenda Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðju, Ólafs Björnssonar og Steindórs Gunnarssonar.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. des. 1918.

Út af brjefi hæstvitra forseta Alþingis, dagsettu 23. þ. m., þar sem þeir tjá oss, að þeir ekki geti samþykkt neina hækkun á prentkostnaði Alþingistíðindanna frá nýári, leyfum vjer oss að koma fram með eftirfarandi skýringar.

Ástæðurnar til þess, að eigi er sjerstaklega áskilið af vorri hálfu í samningunum við Alþingi, að ef kaup prentara alment hækki um áramót, hækki prentverðið á Alþingistíðindunum tiltölulega, eru þessar:

I. Að venjulega — árið í fyrra var undantekning — hefir handrit í Alþingistíðindin komið svo tímanlega, að prentun hefir verið lokið um áramót, svo þessa vegna hefir eigi þurft slíkt ákvæði.

II. Að hafi það komið fyrir, að prentun hafi ekki verið lokið um áramót, en hækkun svo munaði verið óhjákvæmileg — í fyrra varð hækkunin svo lítil, að prentsmiðjurnar gátu tekið hana á sitt bak, — *Þá hafa Alþingisforsetarnir mjög fúslega orðið við þeim tilmælum prentsmiðjanna, að gjalda þeim mun hærra verð fyrir prentunina eftir nýár, sem svarar kauphækkuninni.* Um áramót 1914 — 1915 varð ekki hjá því komist að hækka prentarakaupið um 10%, og samþykktu þá forsetar tilsvarendi hækkun á prentkostnaðinum fyrir það, sem eftir var af þingtíðindunum þá.

Nú stendur alveg eins á eins og 1914—1915, að með engu móti verður hjá því komist, að hækka kaup prentarastjettarinnar alment um minsta kosti 25%.

Með skírskotun til fordæmisins, sem hjer er getið, leyfum vjer oss enn af nýju að biðja hæstvitra forseta að íhuga málaleitun verra, í þeirri von, að þeir þá sjái, að tilmæli vor eru ekki nema sanngjörn, enda vitum vjer eigi betur en að *allir* viðskiftavinir vorir aðrir taki þessari hækkun orðalaust, lítandi á það, að *vjer* getum ekki við þetta ráðið. Þætti oss meira en lítið leitt, ef prentaraverkfall yrði framkallað fyrir það eitt,

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

að hið háa Alþingi skæri sig út úr og neitaði að samþykkja þá hækkun, sem eigi verður hjá komist, svo sem aðrir viðskiftavinir vorir hafa sjeð og vilja taka afleiðingunum af.

Þar sem nú er komið mjög í eindaga, þætti oss miklu skifta, ef hæstvirtir forsetar sæu sjer fært að hraða málinu, og er það einnig von vor, að þeir vilji taka tilmæli vor til greina.

Virðingarfylst.

Fjelagsprentsmiðjan.
St. Gunnarsson.

Ísafold.
Ólafur Björnsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal V.

EFTIRRIT

af brjefi forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.

Reykjavík, 30. des. 1918.

ALÞINGI.

Í brjefi, dags. 28. þ. m., hafið þjer, háttvirtu prentsmiðjueigendur, farið þess á leit að nýju, að vjer, forsetar Alþingis, samþykkjum hækkun á prentkostnaði Alþingistiðindanna, sem þjer nú skýrið frá að nemi 25%, eftir því, sem ætla megi eftir kröfum prentara og undirtektum prentsmiðjueigenda.

Til svars þessu skal hjer með tekið fram, að jafnvel þótt vjer getum eigi viðurkennt, að nein skylda hvíli á Alþingi til þess að taka þátt í hækkun þessari, sbr. brjef vort, dags. 23. þ. m., viljum vjer þó eigi skorast undan að greiða af prentkostnaðinum (77 kr. 10 a. á örk) 12½% hækkun frá 1. jan. næstkomandi, en lengra sjáum vjer oss alls eigi fært að ganga.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Jóh. Jóhannesson. G. Björnson. M. Guðmundsson.

Til eigenda Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðju, Ólafs Björnssonar og Steindórs Gunnarssonar.

Fylgiskjal VI.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

Reykjavík, $\frac{30}{8}$ 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Ísafoldarprentsmiðju h.f. geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örkk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi með heftingu kr. 115,65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsvæðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, sem síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanfögnu og þannig, að Ísafoldarprentsmiðja h.f. hafi „Umræður um samþykkt mál og afgreidd“.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal VII.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN.

Reykjavík, $\frac{30}{8}$ 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Fjelagsprentsmiðjunnar geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örkk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og heftingu kr. 115.65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsvæðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanfögnu og þannig, að Fjelagsprentsmiðjan hafi „Umræður um fallin mál, óútrædd og aftur tekin og um fyrirspeurnir ásamt efnisyfirliti“.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

St. Gunnarsson.

Til Alþingis 1919

Fylgiskjal VIII.

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG H.F.

Reykjavík, 3/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Prentsmiðjunnar Gutenberg h.f. geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örð af skjalaparti með 800 eintaka upplagi með heftingu kr. 157.68, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsvérðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanfögnu og þannig, að Prentsmiðjan Gutenberg h.f. hafi skjalapart.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

Hlutfjel. Gutenberg.
Þorvarður Þorvarðsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal IX.*EFTIRRIT*

af brjefum forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar. (Tvö brjef samhljóða, sitt til hvorrar prentsmiðju).

ALÞINGI.

Reykjavík, 11. okt. 1919.

Vjer forsetar Alþingis, höfum meðtekið tilboð frá Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunni, dags. 30. ágúst þ. á., um prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna 1919, með þessum kjörum.

Fyrir prentun hvorrar arkar, með 700 eintaka upplagi, ásamt heftingu kr. 115.65

Fyrir pappír, eftir reikningi, hvert rís á — 46.00,
prentverðið þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við, og pappírsverðið með því skilyrði, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjurnar eiga nú.

Út af þessu skal prentsmiðjunum hjer með tjáð, að komið getur til mála, að gengið verði að framangreindu tilboði, ef prentsmiðjurnar vilja með öllu falla frá fyrirvara þeim, bæði um prentverðið og pappírsverðið, er að framan getur, þannig að greiðsla fyrir prentun hvorrar arkar verði fastákveðin kr. 115.65 og pappírsverðið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert rís, en að skilmálar, svo sem um arkafjölda á viku frá hvorrí prentsmiðju o. s. frv., verði að öðru leyti hinir sömu sem í fyrra.

Jafnframt því að tjá prentsmiðjunum þetta skulum vjer beiðast svars um það fyrir 20. þ. m., hvort prentsmiðjurnar vilja breyta tilboðinu að þessu leyti.

*Jóh. Jóhannesson.**G. Björnson.**M. Guðmundsson.*

Til

1.) Ísafoldarprentsmiðju. 2.) Fjelagsprentsmiðjunnar.

Fylgiskjal X.

SVEINN BJÖRNSSON

yfirdómslögmaður.

Reykjavík, 20. okt. 1919.

Til forseta Alþingis.

Jafnframt því að viðurkenna móttöku brjefs hinna háttvirtu Alþingisforseta, dags 11. þ. m., til Ísafoldarprentsmiðju, skal jeg fyrir hönd eigenda prentsmiðjunnar leyfa mjer að

mælast til þess, að frestur verði gefinn um nokkra daga til að gefa fullnaðarsvar við brjefinu.

Forstjóri prentsmiðjunnar hefir verið á ferð í útlöndum undanfarið og verið væntanlegur heim þá og þegar.

Er nú komið skeyti að hann komi með s/s Íslandi innan fárra daga, og eru það tilmæli mín, að frestur verði veittur með svarið þar til s/s Ísland er komið hingað, væntanlega kringum 25. þ. m.

Virðingarfylst.

Sveinn Björnsson.

Fylgiskjal XI.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

Reykjavík, 3. nóv. 1919.

Með tilvísun til brjefs vors, dags. 20 f. m., og í tilefni af brjefi hinna háttvirtu Alþingisforseta, dags. 11. f. m., skulum vjer hjer með lýsa því yfir, að vjer eftir nána yfirvegun viljum í þetta skifti ganga að því að prenta umræðupart Alþingistíðindanna 1919 með kjörum þeim, sem um ræðir í brjefinu 11. okt., þannig að greiðsla fyrir prentun hvernar arkar sje fastákveðin kr. 115.65, og pappírsverðið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert rís, en að skilmálar, svo sem um arkafjölda á viku hverri frá prentsmiðju vorri o. s. frv., verði að öðru leyti hinir sömu sem í fyrra.

Eru það tilmæli vor, að fá svar um það, hvort gengið verði að þessu boði, sem allra fyrst, helst ekki síðar en 10. þ. m., vegna ráðstöfunar, sem gera þarf. Enn fremur að hægt væri að byrja á verkinu um 15. þ. m.

Vjer tökum það fram, að boð þetta getur ekki skoðast sem mælikvarði um prentun Alþingistíðindanna í framtíðinni.

Virðingarfylst.

f.h. Ísafoldarprentsmiðju h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Til forseta Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal XII.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN

Reykjavík, 5. nóv. 1919.

Til svars brjefi hinna háttvirtu forseta Alþingis, dags. 11. f. m., viljum vjer hjer með lýsa því yfir, að vjer eftir nána yfirvegun höfum ákveðið að þessu sinni að prenta ræðupart Alþingistíðindanna 1919 með þeim kjörum, sem þar um getur, sem er kr. 115.65 fyrir prentun hvernar arkar og kr. 46.00 fyrir hvert pappírslísi.

Vjer vildum mælast til þess, að fá svar við þessu voru brjefi, helst ekki síðar en 10 þ. m., vegna ýmsra ráðstafana, er gera þarf. — Enn fremur að hægt verði að byrja á verkinu um 15. þ. m.

Vjer tökum það fram, að boð þetta getur ekki skoðast sem mælikvarði um prentun Alþingistíðindanna í framtíðinni.

Virðingarfylst.

Fjelagsprentsmiðjan.

St. Gunnarsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XIII.*EFTIRRIT*

af brjefum forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar. (Tvö brjef samhljóða, sitt til hvorrar prentsmiðju).

ALÞINGI.

Reykjavík, 7. nóv. 1919.

Að meðteknu brjefi Ísafoldarprentsmiðju, dags. 3. þ. m., og brjefi Fjelagsprentsmiðjunnar, dags. 5. þ. m., höfum vjer, forsetar Alþingis, ákveðið að ganga að tilboði því um prentun á umræðupart Alþingistíðindanna 1919, er ræðir um í brjefum þessum, þeim kjörum sem sje, að greiðsla fyrir prentun hvernar arkar, með 700 eintaka upplagi, ásamt heftingu, sje fastákveðin kr. 115.65, og pappírslísið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert lísi, en að skilmálar verði að öðru leyti allir hinir sömu sem í fyrra, svo sem um skifting verksins milli prentsmiðjanna, arkafjöldi á viku frá hvorri o. s. frv.

Jafnframt því að tjá prentsmiðjunni þetta skulum vjer taka það fram, að eigi verði-
Alþt. 1919. C.

ur með nokkru móti unt að byrja prentun um miðjan þennan mánuð, svo sem prentsmiðjurnar fara fram á, með því að enn stendur á ræðuleiðrjettingum, svo að efnið er enn óunnið saman, en það tekur tíma. En að sjálfsgöðu mun verkið hafið svo fljótt sem kostur er á.

Jóh. Jóhannesson. G. Björnson. M. Guðmundsson.

Til

1.) Ísafoldarprentsmiðju. 2.) Fjelagsprentsmiðjunnar.

Fylgiskjal XIV.

Reykjavík, 31. jan. 1920.

Vjer undirritaðir forstjórar Fjelags-, Gutenberg- og Ísafoldarprentsmiðju h.f. gerum svo felt tilboð í prentun, pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1920, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og með heftingu kr. 200.47.

Fyrir prentun á örk af skjalaparti með 800 eintaka upplagi og með heftingu, kr. 245.97.

Fyrir pappír í Alþingistíð. eftir reikningi pr. rís kr. 46.00.

Gengið er út frá, að sömu skilmálar gildi eins og áður um hraða á afgreiðslu og annað fyrirkomulag verkisins, og að vinnan skiftist milli prentsmiðjanna eins og áður.

Vegna ræðuparts Alþingistíðindanna 1919 og brjefaskrifta þeirra milli forseta Alþingis og forstjóra Fjelags- og Ísafoldarprentsmiðju h.f. um prentun á honum síðastl. haust, þar sem ekki var þó tekin til greina 30% kauphækkun prentara og bókbindara, er gekk í gildi 1. sept. síðastl., og þar sem ekki heldur handritið var til í miðjum nóv., eins og prentsmiðjurnar fóru fram á, verðum vjer nú, þegar 40% kauphækkun er enn komin í viðbót, að fara fram á við háttvirta forseta, að þeir sýni oss þá sanngirni, að hækka borgun fyrir hverja örk af fyrnefndum ræðuparti upp í kr. 175.00, *gegn því, að sama borgun verði þá einnig fyrir ræðupartinn 1920.* — Enn fremur verðum vjer að taka fram, að pappírsvæðið er að eins skuldbindandi meðan núverandi pappírsgirðir endast, þar eð pappírsvæði fer stöðugt hækkandi.

Virðingarfylst.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Fjelagsprentsmiðjan.

Steindór Gunnarsson.

Hlutaþjel. Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson.

Friðfinnur Guðjónsson.

Þórður Sigurðsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XV.

Því skal hjer með lýst yfir, að til samkomulags um prentun Alþingistíðindanna fyrir árið 1919 og 1920 vilja undirritaðir forráðamenn prentsmiðja í Reykjavík slá enn þá aftur af tilboðum sínum, vegna vandræða þeirra, er málið er nú komið í, þannig, að borgun fyrir hverja örk af tíðindunum fyrir 1919 sje kr. 145.00 og fyrir árið 1920 kr. 165.00 fyrir hverja örk. — Því skal enn fremur lýst yfir, að þetta er síðasta úrslitatilboð vort. — Um skjalapartinn gildir þetta tilboð einnig, þó án allra sjerprentana, samkvæmt því, er vjer áður höfum lýst yfir við háttvirta forseta.

Reykjavík, 13. febr. 1920.

Virðingarfylst.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Fjelagsprentsmiðjan.

Steindór Gunnarsson.

H.f. Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XVI.*SAMNINGUR*

milli forsetanna á Alþingi 1920 og h.f. Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík, um prentun B-deildar Alþingistíðindanna 1919 og 1920.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og jeg, Herbert Sigmundsson, fyrir hönd h.f. Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík:

1. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind h.f. Ísafoldarprentsmiðju, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og hefta með þræði þann hluta Alþingistíðindanna 1919 og 1920, er hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem samþykkt eru og afgreidd frá þinginu, hvort heldur eru frumvörp eða tillögur, og önnur mál, er í þann flokk falla.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna hvort árð, 1919 og 1920, skal vera 700 — sjo hundruð — og skuldbind jeg, Herbert Sigmundsson, prentsmiðjuna til að skila

upplaginu með þessari tölu í 20 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi. Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1918; svo skal og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 7 — sjö — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar fyrsta örkin er fullsett. Vítalaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls eða ljóss.

4. gr. — Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna 1919 áskilur Ísafoldarprentsmiðja sjer 145 — eitt hundrað fjörutíu og fimm — krónur, og fyrir hverja örk þingtíðindanna 1920 165 — eitt hundrað sextíu og fimm — krónur. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis, samkvæmt arkatölu þess, þegar því er skilað, nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 6. gr.

5. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að selja Alþingi þegar í stað 155 rís pappírs, til þess að nota í þennan hluta þingtíðindanna, af sömu gerð og gæðum og verið hefir áður í Alþingistíðindunum, fyrir 46 — fjörutíu og sex — krónur hvert rís, og greiðist pappírsvæðið við afhendingu. En skylt er prentsmiðjunni að geyma pappírinn ókeypis, uns prentun er lokið, á jafntrygган hátt og prentsmiðjan geymir pappírsgirðir sínar.

6. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun Alþingistíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og hefting umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyrir hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum eða öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa neinum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkirnar, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. Benedikt Sveinsson. G. Björnson.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Einar E. Sæmundsen.

Fylgiskjal XVII.**SAMNINGUR**

milli forsetanna á Alþingi 1920 og Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík um prentun C-deildar Alþingistíðindanna 1919 og 1920.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og jeg, Steindór Gunnarsson, fyrir hönd Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík:

1. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind Fjelagsprentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og hefta með þræði þann hluta Alþingistíðindanna 1919 og 1920, sem hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem feld eru, tek-in aftur og óútrædd verða, hvort heldur eru lagafrumvörp eða tillögur, svo og um fyrirspurnir og önnur mál, er í þann flokk falla, ásamt efnisyfirliti yfir þingtíðindin.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna hvort árið, 1919 og 1920, skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Steindór Gunnarsson, prentsmiðjuna til að skila upplaginu með þessari tölu í 20 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi. Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama, og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1918; svo skal og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei verði minna fullprentað á viku hverri en 5 — fimm — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar 1. öркиn er fullsett. Víðalaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls og ljóss.

4. gr. — Fyri hverja fullprentaða örk þingtíðindanna 1919 áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer 145 — eitt hundrad fjörutíu og fimm — krónur, og fyri hverja örk þingtíðindanna 1920 165 — eitt hundrad sextíu og fimm — krónur. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis, samkvæmt arkatölu þess, þegar því er skilað. nema svo beri undir, sem ráð er fyri gert í 6. gr.

5. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyri hennar hönd, til þess að selja Alþingi þegar í stað 70 rís pappírs, til þess að nota í þennan hluta þingtíðindanna, af sömu gerð og gæðum og verið hefir áður í Alþingistíðindunum, fyri 46 — fjörutíu og sex — krónur hvert rís, og greiðist pappírsvæðið við afhendingu. En skylt er prentsmiðjunni að geyma pappírinn ókeypis, uns prentun er lokið, á jafntryggan hátt og prentsmiðjan geymir pappírsvæði sínar.

6. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þingtíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og heftingu umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyri hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af væði

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Þess er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum nje öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa neinum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkir, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. Benedikt Sveinsson. G. Björnson.

Fjelagsprentsmiðjan.

Steindór Gunnarsson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Einar E. Sæmundsen.

Fylgiskjal XVIII.

SAMNINGUR

milli forsetanna á Alþingi 1920 og Þorvarðs Þorvarðssonar, Friðfinns Guðjónssonar og Þórðar Sigurðssonar fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg í Reykjavík um prentun skjalaparts Alþingistíðindanna 1920 o. fl.*

Svo felðan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og vjer undirritaðir, Þorvarður Þorvarðsson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson, fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg í Reykjavík.

1. gr. — Vjer undirritaðir menn, sem erum í stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, skuldbindum oss til að prenta og gefa út skjalapart Alþingistíðindanna 1920. Er í

* Samningur þessi nær að eins til Alþt. 1920, en eigi til Alþt. 1919, eins og samningarnir við hinar prentsmiðjurnar. Liggja til þess þau rök, er nú skal greina. Nokkru fyrir Alþingi 1919 var þess leitað við allar prentsmiðjurnar, að þær, þegar áður en þing kæmi saman, gerðu tilboð í prentun fyrir Alþingi. En jafnframt því varð þegar í stað að láta einhverja prentsmiðjuna taka til starfa í þarfir þingsins, og af því að ríkisstjórnin var þá búin að láta prentsmiðjuna Gutenberg prenta öll stjórnarfrumvörpin (um 46 arkir) og þau stóðu þar sett, þá var ekki unt að snúa sjer til annarar prentsmiðju um prentun allra þingskjala. Reyndin sýndi það, að prentsmiðjunum var ekki allgreitt um að koma fram með tilboð sín, enda var áður kunnugt, að þær mundu hafa samningum bundið sín á meðal að koma allar í senn fram með þau. Og eins og fylgiskjöl VI.—VIII. bera með sjer, komu tilboðin eigi fram fyr en 30. ágúst 1919, þrátt fyrir

Þessari skuldbindingu fylgin prentun og pappír, samkv. 6. gr. hjer að aftan, pappír í kápur, innhefting með þræði og sjerhvað annað, er til útgáfu bóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur.

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 800 — átta hundruð — eintök, en auk þess skal prenta handa þinginu um þingtímann 120 sjerprentanir af hverju þingskjali út af fyrir sig, með því lagi og þeim frágangi, er tíðkast hefir hingað til og skrifstofustjóri þingsins mælir fyrir og þörf er á. Sjerprentanir þessar skal afhenda tafarlaust eftir þörfum þingsins, og má aldrei standa á prentun þeirra, að eigi sje þörfum þingsins jafnan fullnægt. Þó skulu það eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, geti hún í bili, að kvöldi til eða nóttu, ekki prentað, ef það stafar frá skorti á hreyfiafli eða ljósi. Prentun skjalaparts sje lokið að þinglausnum, ef kostur er á, og yfirlits þess, er honum á að fylgja.

3. gr. — Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin hin sama og eigi minni en á þingskjölum 1919; svo skal og pappír og frágangur eigi vera lakari.

4. gr. — Fyrir sjerprentanir þær, er getur um í 2. gr., svo og prentun dagskráa og annara lausra skjala, áskiljum vjer, stjórn fyrgreinds hlutafjelags, oss borgun sjerstaklega, og sje sú borgun eigi minni hlutfallslega eftir leturmergð en greitt er fyrir prentun skjalaparts, sbr. 6. gr.

5. gr. — Óski þingið fleiri sjerprentana en að ofan greinir, eða með vandaðri pappír og frágangi, skuldbindur stjórn þráttnefnds hlutafjelags sig til þess að láta þinginu það í tje gegn sjerstakri borgun á sama hátt og segir í 4. gr.

6. gr. — Fyrir hverja prentaða örk (8 blaðsíður) af skjalapartinum áskiljum vjer, oftnefnd stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, að oss sjeu greiddar 165 — eitt hundruð sextíu og fimm — krónur, og að auki fyrir hvert pappírslísi, er í skjalapart fer og laus skjöl, 46 — fjörutíu og sex — krónur. Skuldbindum vjer oss til að gera fullnaðarreikningsskil vikulega meðan prentunin stendur yfir, í síðasta lagi á hverju föstudagskveldi.

7. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þessa umsamda hluta þingtíðindanna sje að öllu leyti vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, þá áskiljum vjer oss rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, sem vanunnið eða vanefnt er, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins getur ekki átt sjer stað.

það, að oft hafði verið eftir þeim int af hálfu þingsins. — Prentsmiðjan Gutenberg reyndist ófáanleg til að gera endilegt tilboð í prentun fyrir þingið, nema jafnhliða hinum prentsmiðjunum, enda var hún ófáanleg til að gera skjallegan samning um prentun fyrir þingið, fyr en samið væri einnig við hinar prentsm. En það varð að samkomulagi, að Gutenberg ynni fyrir þingið þangað til tilboð hinna prentsmiðjanna kæmu fram og skjallegir samningar tækjust. Var um verð á prentun og pappír að miklu leyti farið eftir því, sem verið hafði 1918, með sjerstakri hliðsjón af kauphækkun prentara, er nú var á komin. — Þá er tilboð prentsmiðjanna kom fram, 30. ágúst 1919, var Gutenberg þegar búin að inna af höndum þrjá fjórðunga þess, er hún þurfti að vinna fyrir þingið, og með því að tilboð hennar (sjá fylgiskjal VIII) var hærra en samist hafði um, og hún fánleg til að vinna til þinglausna á svipaðan hátt og áður, var ekki talin þörf á skjallegu samningi við hana af hálfu þingsins, enda var hún ófáanleg til slikra samninga fyr en yfir lyki um samninga milli forseta Alþingis og hinna prentsmiðjanna.

Prentsmiðjan skal ekki taka á móti nokkru þingskjali til prentunar fyrir þingið um þingtímann, nema því að eins, að það hafi komið til hennar frá skrifstofu þingsins og verið skrásett þar.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. Benedikt Sveinsson. G. Björnson.

Fyrir h.f. Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson. Þórður Sigurðsson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Einar E. Sæmundsen.

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Fylgiskjal XIX.

Símanot

þingmanna 1919 á kostnað Alþingis.

Nöfn	Frá talsmum Alþingis og landssímastöð.			Frá öðrum stöðum í júli til okt.	Samtals.
	í júlí	í ágúst	í september og október.		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Benedikt Sveinsson . . .	0 75	10 45	12 30	. .	23 50
Bjarni Jónsson	5 35	5 35
Björn Kristjánsson	0 50	2 60	3 10
Björn Stefánsson	11 75	58 55	18 90	. .	89 20
Eggert Pálsson	13 15	23 25	10 00	. .	46 40
Einar Arnórsson	0 95	5 45	6 50
Einar Árnason	8 70	3 70	11 10	. .	18 50
Einar Jónsson	5 95	1 50	3 10	. .	10 55
Gísli Sveinsson	15 00	23 15	95 05	32 50	165 70
Guðjón Guðlaugsson	0 50	3 10	. .	3 60
Guðmundur Björnson	1 00	1 00
Guðmundur Ólafsson	16 55	23 50	27 50	. .	67 55
Halldór Steinsson	19 85	22 70	19 75	. .	62 30
Hákon Kristófersson	34 80	23 35	32 40	. .	90 55
Hjörtur Snorrason	14 40	8 05	50 20	. .	72 65
Jóhannes Jóhannesson	4 70	2 85	2 85	. .	10 40
Jón Jónsson	12 10	20 75	27 45	. .	60 30
Jón Magnússon	1 95	1 95
Jörundur Brynjólfsson	3 35	. .	3 35
Karl Einarsson	94 75	82 55	75 30	. .	252 60
Kristinn Danielsson	0 25	0 35	0 85	. .	1 45
Magnús Kristjánsson	1 50	. .	5 45	. .	6 95
Magnús Pjetursson	45 05	54 05	69 40	27 75	196 25
Magnús Torfason	54 15	31 05	27 50	. .	112 70
Matthías Ólafsson	3 70	3 70
Ólafur Briem	3 50	. .	3 50
Pjetur Jónsson	5 25	7 20	8 75	36 95	58 15
Pjetur Ottesen	9 00	12 90	11 45	. .	33 35
Pjetur Þórðarson	2 25	. .	3 75	. .	6 00
Sigurður Eggerz	4 70	4 70
Sigurður Jónsson	5 05	. .	5 05
Sigurður Sigurðsson	0 95	7 15	2 25	. .	10 35
Flyt	370 25	439 35	530 30	97 20	1437 10

Yfirlit um alþingiakostnað 1919.

Nöfn	Frá talstímum Alþingis og landssímastöð.			Frá öðrum stöðum i júlí til okt.	Samtals.
	i júlí	i ágúst	i september og október		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	370 25	439 35	530 30	97 20	1437 10
Sigurður Stefánsson . . .	7 20	9 40	5 35	. .	21 95
Sigurjón Friðjónsson . . .	7 00	5 60	25 05	. .	37 65
Stefán Stefánsson . . .	24 15	29 45	38 70	. .	92 30
Sveinn Ólafsson	9 70	11 40	. .	21 10
Þorleifur Jónsson . . .	7 00	20 50	39 70	. .	67 20
Þorsteinn Jónsson . . .	29 15	25 50	22 20	. .	76 85
Þórarinn Jónsson . . .	33 45	46 90	28 10	64 55	173 00
Forsetar	6 05	7 25	4 95	. .	18 25
Fjárveitinganefndir . . .	2 75	2 75
Sjávarútvegsnefndir	96 85	96 85
Samtals	487 00	690 50	705 75	161 75	2045 00

Ath.

Um heimild þingmanna til símanota á kostnað Alþingis og venju í því má vísa til Alpt. 1917 C. 1360—1362 og Alpt. 1918 (30. löggjafarþing) C. 171.